

<b>Mættir:</b>	Margrét Friðriksdóttir skólameistari, Anna María Bjarnadóttir í stað Flosa Eiríkssonar formanns Skólanefndar, Magnea Lillý Friðgeirsdóttir, Steinþór Jónsson, Gerður Bjarnadóttir fulltrú kennara, Steini Þorvaldsson fjármálastjóri MK, María Guðjónsdóttir Guðmundur Birkir Þorkelsson.
<b>Forfallaðir:</b>	Sigríður H. Hrafnkelsdóttir fulltrúi foreldra, Snorri Sævar Konráðsson fulltrúi nemenda,
<b>Staður:</b>	Fundarherbergi N-101
<b>Tími:</b>	Kl. 12:00-13:00
<b>Dags.:</b>	13. desember 2018

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	Anna María Bjarnadóttir, í fjarveru Flosa Eiríkssonar formanns skólanefndar, setti fundinn kl. 12:07 og býður fundarmeðlimi velkomna.	AM	1 mín.
<b>1.</b>	<b>Fjárhagsáætlun 2019</b>	MF og S	54 mín.
	<p>M.F. og Steini kynna fjárhagsáætlunin skólans fyrir árið 2019. Útskýrt var hvernig launaliðir eru bókaðir og sundurliðaðir niður á hvern starfsmann, hvernig yfirvinna er reiknuð o.s.frv. Þá var farið yfir rekstraráætlun 2019. Séð er fram á aukningu í framlögum ríkissjóði að fjárhæð kr. 33.962.366. Á móti lækka sértekjurnar sökum þess að skólinn er hættur að innheimta efnisgjöld af nemendum í verknámi. Enn fremur munu launagjöld aukast á komandi ári í ljósi nýrra kjarasamninga í vor.</p> <p>Hafa ber í huga að liðurinn <i>Rekstrarvörur</i> nær yfir bæði hreinlætis- og skrifstofuvörur en einnig öll aðföng fyrir matvæladeildina. Enn fremur koma ýmsir styrkir á móti útgjaldaliðnum <i>Ferðir og fundir</i> en þeir bókast inn sem sértekjur og koma því ekki til frádráttar í liðinn sjálfan.</p> <p>Liðurinn <i>Aðkeypt þjónusta</i> samanstendur að mestu leyti af tölvuþjónustu en einnig falla þar undir leyfisgjöldin, viðhald á lyftu o.fl.</p> <p><i>Afskriftir</i> er nýr liður í kjölfar breytinga á ríkisbókhaldi. Eignaskrá skólans hefur að sama skapi verið færð inn í reikninginn. Það eina sem vantar inn í eignaskrána eru listaverk skólans sem hafa ekki verið metin eins og er.</p> <p>Nefndin bókar að fjárhagsáætlunin er samþykkt samhljóða. Jafnframt lýsir nefndin yfir ánægju sinni með áætlunina og fjárhagsstöðu skólans.</p>		
<b>2.</b>	<b>Önnur mál</b>	AM	5 mín.
	<p>Síðasti prófdagur er í dag og útskrift er 20. desember. 110 nemendur munu þá útskriftast.</p> <p>Helstu mannbreytingar um áramótin verða þær að nýr jarðfræðikennari hefur verið ráðinn tímabundið í afleysingar. Sömuleiðis standa yfir ráðningar á tveimur nýjum matreiðslukennurum.</p>		
<b>3.</b>	<b>Fundi slitið</b>	AM	15 sek.
	Staðgengill formanns sleit fundi kl. 13:04.		

Fundarritari: Magnea L. Friðgeirsdóttir

